

1861.

27. febrúar.

skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sæ til greina, hvort launin í fjárhagslögunum eru sett hærr eða lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr ríkisfêhirzlunni, verður að eins sá hluti launanna ávísaður, sem í hvert skipti er kominn í gjalddaga, eptir því sem áður er sagt, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt að rita á launaávísanir þessar, að hann hafi sæð þær og bókað.

Þær eruð, herra stiptamtmaður, beðinn að láta hlutaðeigendur víta það, sem þeir þurfa í þessu efni; hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið skrifað um þetta mál og einnig hinum amtmönnunum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn þá, er búa í umdæmum þeirra.

Um 1000 ríkisdala rentulaust lán, sem í fjáráukalögunum 31. marzm. 1860 var veitt ýmsum sveitum í suðurumdæminu vegna hallæris, er menn báru kvíðboga fyrir, skal að endingu leiða athygli yðar að því, sem tekið er fram í athugasemdunum við frumvarpið til fjárhagslaganna, við 4. gr. A, 4, en eptir því sem þar segir er veitt umlíðun um borgunina þangað til árið 1861, og á úr því að borga fimmtung af láninu á ári.

15. marz. 13. Tilskipun um vegina á Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um vegina á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri héraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða á

annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóð-
vegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli
tveggja sýslna, þótt eigi sé miklar samgöngur milli þeirra, og
eins hina almennu póstvegi. 1861.
15. marz.

3. gr.

Hreppstjórar stinga upp á, hverja vegi skuli álíta sem þjóð-
vegi og hverja sem aukavegi í hreppnum; skulu sýslumenn því
næst bera upp við hlutaðeigandi amtmann uppástungu um það,
hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er
trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir reglur þær,
sem settar eru í 2. gr., fyrir sér í þessu; leggur amtmaður síðan
úrskurð á málið og birtir auglýsingu um það til eptirbreytni
fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

4. gr.

Að fengnum uppástungum hreppstjóranna skal sýslumaður
á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma
uppástungu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við
þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástungu fylgja
skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga og hvernig það verði
framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað
þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal amtmaður eptir
þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið
skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar í
seinasta lagi innan loka aprílmánaðar.

5. gr.

Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er,
framkvæma þannig, að það sé sett til uppboðs, hver vilji takast
verkið á hendur fyrir minnst kaup. Einungis þegar yfirvaldinu
þykir það óráðlegt að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgengi-
legt boð fæst ekki, á sýslumaður að gjöra samning um verkið
á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sé ákveðin
fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart, en fáist það ekki með
aðgengilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin

1861.
15. marz. daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

6. gr.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft hingað til; en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sé gjörð nokkur breyting, eður nýr þjóðvegur sé gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástungu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, er settar eru í þessari tilskipun.

7. gr.

Sérhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sé tekin þau tilföng, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt, nema tilföng hafi verið tekin honum í mein.

8. gr.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir engjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgöngur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandann, ef hann krefst þess, af vegabótagjaldinu sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sé af rættinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sé undir umsjón sýslumanns.

9. gr.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 5 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur sýslumaður leyft undantekning frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar

sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

1861.
15. marz.

10. gr.

Þjóðvegi skal bæta með ruðningum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo langt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

11. gr.

Þar sem ekki verður fengin föst braut með ruðningum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti hálfri danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlunga þykkt lag af mól, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er ganga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvoru- tveggja saman, eptir því sem sýslumaður eða umsjónarmaður sá, er hann hefir til kvatt samkvæmt 5 gr., ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað.

12. gr.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr, en þegar yfirvaldi virðist að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera 1½ danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, og í miðju svo háar, að vel falli útaf til beggja hliða. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torf-

1861. brýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd,
15. marz. og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

13. gr.

Yfir litlar ár og læki skal, ef nauðsyn krefur og því verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

14. gr.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur, eða annað merki, á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiningar.

15. gr.

Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra vegabætur þær, sem að ofan eru nefndar, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sé óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá er verkið lætur vinna krefst þess, og verkið er umfangsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsingar og uppástungu frá hlutaðeigandi sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis.

16. gr.

Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peningum, sem nemur hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá, fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er, frá 20 ára að 60. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir sumarmál (18—25. aprílm.), senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í

hreppnum á þeim aldri, er nú var sagt, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. 1861.
15. marz.
Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingi, og leggur hreppstjóri, með 2—4 mönnum, er bændur sjálfir kjósa, gjaldið á hreppsþúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið (til fátækra).

17. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju innan ársloka senda amt-manni reikning yfir vegabótagjald það, er þeir hafa heimt, og yfir bætur fyrir skemmdir á þjóðvegum, er samkvæmt 30. gr. í tilskipun þessari á að greiða sýslumanni.

18. gr.

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, svo að vegir þessir ávallt sé í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgangi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 20. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastétt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því, sem á þá skiptist af hreppstjóra, að yfirveguðum efnum og ástandi. En ef hreppsændur, eða meiri hluti þeirra, kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sé leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppaskilapingi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir þá verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu.

19. gr.

Að því leyti, sem sérlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eða til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 24. gr., eða þúður til að

1861. sprengja steina o. fl., þá skal greiða þann kostnað, er til þess
 15. marz. þarf, úr sveitarsjóðnum og jafna honum niður samkvæmt reglu
 þeirri, sem sett er í niðurlagi 18. greinar, að svo miklun leyti,
 sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 21. grein, hrökkur ekki til
 þessa kostnaðar.

20. gr.

Aukavegir eiga almennt að vera 3 álnir á breidd að minnsta
 kosti; þó má hreppstjóri leyfa, að brugðið sé út af þessu, þegar
 landslagi er svo háttað (sbr. 9. gr. að niðurlagi), að óumflýjan-
 leg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er
 aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða
 endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvikur til að láta
 af hendi land það og tilföng, sem þarf, farið eptir reglum þeim,
 er ákveðnar eru hér að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti,
 sem þær geta átt hér við.

21. gr.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna,
 heimilt að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann
 greiða borgun í peningum fyrir skylduverk það, sem hann á að
 vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag
 við hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er gengið
 geti í hins stað, fyrir fè það er hann hefir greitt. Bregðist nokkur
 undan að koma til verka þegar hann er til þess kvaddur, og hefir
 enga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki
 sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt
 32 sk. r. m. og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutað-
 eigandi hreppstjóri álitur nægja til að leigja fyrir annan verk-
 mann. Það er vitaskuld, að það, sem hér segir, á við, hvenær
 sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri
 verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að
 greiða ofan nefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern
 verkskyldan mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan
 bregzt, en aptur á móti á hann rétt á að halda fènu inni í
 kaupum verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni.

Ofan nefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður. 1861.
15. marz.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars gengur, sé verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveim tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta sem hann hafi ekki komið.

22. gr.

Hreppstjóri tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera seinna en í júnímánuði, nema svo sérstaklega sé ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sé að bregða út af þessu.

23. gr.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum sedli, og skulu bændur láta bera hann tafarlaust bæja á milli um hreppinn eptir rætti boðleið; skal hreppstjóri senda hann út svo tímanlega, að hann komist alla boðleið að minnsta kosti tveim dögum fyrir hinn ákveðna verkdag.

24. gr.

Sérhver verkmaður skal með sér hafa verktól þau, sem til er tekið þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk þar í sveit; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað á dagmálum og vera við vinnu til náttmála; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla, kemur seinna til verka en nú var sagt, eða fer fyr á burt, eða yfir höfuð ekki er hinn tiltekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveim tilkvöddum mönnum metur, og að auki í sekt 32 skillinga r. m.

25. gr.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim,

1861.
15. marz.

sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að enginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

26. gr.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verka-mönnum í flokka, og skal hverjum þeirra fenginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónar-maður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sér til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

27. gr.

Þegar verkið eptir 18. gr. 3. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfínnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörð-unum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi.

28. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegum í sýsl-um þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum nauðsynlegu aukavegum þar, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um ástand veganna í sýslunni; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hvé mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

29. gr.

Það er skylda amtmanna að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættis-ferðum sínum nákvæmlega að gefa gæturað á standi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skýrslu um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með

fylgja hinar ofan nefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

1861.
15. marz.

30. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd., eptir því hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það varða 10 rdl. til 50 rdl. sekt, eða líkamlegri refsingu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður eða sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegningarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla til þjóðvegagjaldsins ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

31. gr.

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti, sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hér ræðir um, fara eptir ákvörðununum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

32. gr.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konungsbræfi 29. apríl 1776 6. gr.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofan nefnt konungsbréf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hér eptir vera teknar úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1861.

15. marz.

Ástæður¹.

Frumvarpið til tilskipunar þessarar var í annað skipti lagt fyrir alþingi árið 1859, og féllst þá þingið á það með fáeinum breytingum, er ekki voru mikils varðandi, nema sú breyting, er þingið stakk upp á um, hvernig greiða skyldi kostnaðinn til þjóðvega, en frá því skal betur skýrt síðar í athugasemdunum við 16. grein. Dómsmálastjórnin bar síðan málið undir konung og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að frumvarpið yrði gjört að lögum fyrir Ísland með þeim breytingum, er alþingi hafði við það gjört, þó skyldi enn gjöra við það fáeinar smábreytingar:

Um sérstakar greinir frumvarpsins eru gjörðar þessar athugasemdir:

Við 1. og 2. gr.

Alþingi hefir ekki stungið upp á neinni breytingu á þessum greinum frumvarpsins.

Við 3. og 4. gr.

Samkvæmt uppástungu alþingis er nú í greinir þessar sett skýr ákvörðun um, að sýslumenn skuli fá álit og uppástungur hlutaðeigandi hreppstjóra, áður en þeir bera undir amtmann uppástungur þær, sem um er rætt í greinunum. Slík ákvörðun var eigi í frumvarpinu; því það þótti vitaskuld, að sýslumenn mundu leita álits hjá hreppstjórunum og byggja uppástungur sínar til amtmanns á þeim uppástungum, er þeir hefðu gjört; en á hinn bóginn getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að þetta sé berlega tekið fram, þegar það að eins er gjört á þann hátt, að það sé ljóst, að sýslumenn eigi sæu bundnir við uppástungur hreppstjóra.

Við 5. og 6. gr.

Þessar greinir eru eins hljóðandi og 5. og 6. grein í hinu fyrra frumvarpi.

¹) Smbr. Alþ.t. 1857: 56., 83., 422.—448., 493.—524., 646.—692., 976.—987. bls. og viðbæti A 3.—24. bls. Alþ.t. 1859: 12., 17., 18.—28., 1370.—1447., 1635.—1696., 1873.—1887. bls. og viðb. A 35.—56. bls.

Við 7. gr.

1861.

15. marz.

Með því svo getur stundum við borið, að tilföng, er kann að þurfa til vegagjörðarinnar, ekki geti fengizt jarðeiganda að skaðlausu, hefir alþingi stungið upp á, að við niðurlag greinar þessarar sé bætt þessum orðum: „nema tilföng hafi verið tekin honum í mein“, og er 8. grein breytt eptir þessari uppástungu.

Við 8. gr.

Samkvæmt hinni almennu reglu í 15. grein frumvarpsins var ákveðið, að endurgjald það, sem um er rætt í þessari grein, skyldi greitt úr jafnaðarsjóði amtsins. En eins og getið er um síðar í athugasemdunum við 16. grein, hefir þótt ástæða til að fallast á uppástungu alþingis um breytingu á því, hvernig greiddur skyldi kostnaður til þjóðveganna, og leiðir aptur af þessu, að breyta verður ákvörðuninni um gjald það, sem um er rætt í 8. grein. Alþingi hefir nú stungið upp á, að í stað orðanna „úr jafnaðarsjóði amtsins“ sé sett „af vegabótagjaldinu“, og er sú uppástunga tekin til greina¹.

Annars er gjörð sú breyting á þessari grein, samkvæmt uppástungu alþingis, að sleppt er þeirri ákvörðun, að endurgjaldið skuli ákveðið eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þyki vera ástæða til þess, og ákvörðuninni um að tilkall það, er eigandi annars á til endurgjalds, skuli hverfa, svo framarlega og að svo miklu leyti sem skylda hefir hingað til legið á jörðinni til að leyfa umferð yfir engjar. Fyrri breytingin er byggð á því, að ekki þarf að hafa í lagabóðinu neina ákvörðun um að halda megi yfirskoðunargjörðir, með því það er vitaskuld, bæði eptir eðli hlutarins og almennum lagasetningum, að ekki að eins amtmaður getur heimtað slíka yfirskoðunargjörð, heldur og landeigandinn, ef honum þykir gengið of nærri sér. Um hina síðari breytinguna hefir

1) í hinum danska texta af álitsskjali alþingis er uppástungan orðuð svo, að í staðinn fyrir orðin „af Amtsrepartitionsfonden“ (úr jafnaðarsjóði amtsins) sé sett: „af Veikassen“ (úr vegabótasjóðinum); en þetta orðatiltæki þótti ekki eiga vel við, af því ekki er neinn sérstaklegur vegabótasjóður til þjóðveganna; er því þessu breytt í: „af Veipengene“, sem er samkvæmt hinum íslenska texta.

1861. alþingi tekið það fram, að það væri ósanngjarnt að synja eig-
 15. marz. andanum um endurgjald einungis fyrir þá sök, að áður hefir legið
 vegur einhverstaðar um engjar hans, því svo gæti hæglega
 á staðið, að eigandanum sé til mikils skaða, að nýr vegur sé
 lagður á öðrum stað yfir engjar hans.

Við 9. gr.

Eptir frumvarpinu áttu þjóðvegir að öllum jafnaði að vera
 að minnsta kosti 6 álnir á breidd; en amtmanni var veittur
 myndugleiki til að leyfa á stundum undantekning frá þessari
 reglu eptir uppástungu sýslumanns. Þessi ákvörðun um breidd
 veganna var samkvæm reglu þeirri, sem sett var í konungs-
 bræfi 29. apríl. 1776, 1. gr., sem reyndar aldrei hefir verið
 farið eptir. En alþingi var á því, að réttast væri að láta standa
 við reglu þá, sem sett er í Jónsbók um þjóðvegina, og því
 ákveða, að þeir að eins skyldu vera 5 álnir á breidd, og yrðu
 þeir þá breiðari en vegir nú eru almennt; og þar sem gjöra
 þyrfti undantekning frá þessari reglu, þótti þinginu ekki nauð-
 syn að málið gengi lengra en til sýslumanns úrskurðar; hefir
 þótt ástæða að taka þessa uppástungu til greina þannig, að þjóð-
 vegir skuli vera að minnsta kosti 5 álnir á breidd.

Við 10. gr.

Þessi grein er eins og 10. grein í fyrra frumvarpinu.

Við 11. gr.

Eptir breytingaruppástungum alþingis við þessa grein, er
 sleppt niðurlagsákvörðuninni í 11. grein frumvarpsins, um að
 leggja skuli moldarlag ofan á brýrnar, með því alþingi hefir
 haldið að þetta mundi fremur spilla en bæta; svo er og í niður-
 lagi greinarinnar á eptir orðinu: „sýslumaður“ bætt inn í; „eða
 umsjónarmaður sá, er hann hefir til kvatt samkvæmt 5. grein“
 (eptir því sem sýslumaður eða umsjónarmaður sá, er hann
 hefir til kvatt samkvæmt 5. gr., ákveður nákvæmar á
 hverjum stað). Reyndar stakk alþingi upp á, að sett væri „um-
 sjónarmaður“ í staðinn fyrir „sýslumaður“; en með því ákvörðun

1861.

15. marz.

Þessi einnig á að verða heimfærð þegar svo stendur á, að verkið er unnið fyrir ákveðið kaup, eður eptir samningi um vissa borgun fyrir tiltekinn vegarpart, þá varð að breyta frá uppástungu alþingis; því þegar svo stendur á, sem nú var sagt, eru ekki tilkvaddir umsjónarmenn eptir 5. grein, heldur að eins þegar sú undantekning frá reglunni kemur fyrir, að verkið er unnið fyrir ákveðin daglaun; en tilganginum með uppástungu alþingis virðist eigi að síður vera náð, þegar greinin er orðuð eins og nú er gjört.

Við 12.—14. gr.

Í 12. og 13. grein eru, eptir uppástungu alþingis, gjörðar nokkrar smábreytingar frá því, sem var í frumvarpinu, en að öðru leyti eru greinir þessar óbreyttar.

Við 15. gr.

Grein þessi er eins og 2. kafli í 15. grein frumvarpsins.

Við 16. gr.

Í 15. grein frumvarpsins, 1. og 3. kafla, var svo á kveðið, að útgjöld til allra viðgjörða og viðurhalds þjóðveganna skyldu greidd úr jafnaðarsjóði livers amts, þó skyldu gjöld þessi eigi mega vera meiri en svo, að þau yrðu greidd með því, að jafna niður í mesta lagi 2 skildingum á hvert lausafjárhundrað. Alþingi 1857 ræði þegar frá að gjöra þessa ákvörðun að lögum, meðal annars af því, að fæ það, er með þessu móti fengist, yrði ónógt til þess, sem það væri ætlað, en á hinn bóginn virtist ekki vera tiltækilegt að leggja meiri úlögur á lausafæð en stungið var uppá í frumvarpinu. Út af þessu gaf stjórnin alþingi það til vitundar, að eptir því sem þingið hefði skýrt málið, yrði svo að álíta, að það fæ, sem fengizt gæti eptir frumvarpinu til viðgjörða þjóðveganna, mundi verða allt of lítið, og líka yrði stjórninni eins og alþingi að þykja það ísjárvert, að leggja meiri úlögur á lausafæð, þar sem eins báglega er ástatt á Íslandi eins og nú er; en að ekki þótti á hinn bóginn ráðlegt, af ástæðum þeim, sem lýst var yfir, að fallast á uppástungu þingsins um

1861. 15. marz. Það, hvernig greiða skyldi kostnaðinn, og að því virtist vera ástæða til að reyna að skipa málinu á annan hátt, og þá helzt á þann hátt, sem þegar var bent á í ástæðunum fyrir 15. gr., en það er þannig, að amtmennirnir, hver í sínu amti, skyldu ákveða, eptir uppástungum sýslumanna, hversu mikið hver sýsla skyldi greiða til þjóðveganna, og að sýslumaður (ef til vill með tveim tilkvöddum mönnum) síðan skyldi jafna gjaldi þessu á hreppana í sýslunni, og skyldi það greitt úr sveitarsjóði, en hreppurinn geta skotið máli sínu til amtmanns úrskurðar, ef svo þætti, sem rétti hans væri hallað við niðurjöfnun sýslumannsins. Þetta gjörði einn alþingismanna að sinni uppástungu, en breytingaratkvæði hans, og eins ákvörðunin í frumvarpinu, var felld á síðasta alþingi (1859); en þar á móti féllst þingið með 14 atkvæðum gegn 5 á það, að útgjöld til allra þjóðvega skyldu þannig greidd, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peningum, sem nemur hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá, fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er, frá 20 ára að 60. Gjald þetta átti eptir uppástungu þingsins að taka úr sveitarsjóði og greiða sýslumanni á manntalsþingi, og skyldi hreppstjóri, með 2—4 mönnum er bændur sjálfir kjósa, leggja það á hreppsþúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið.

Um ákvörðun þessa er nú það að segja, að reyndar verður það móti henni haft, að það er fremur óeðlilegt að ákveða upphæð þess gjalds, sem hver hreppur á að leggja til þjóðvega, eptir tölu verkfærra karlmanna í hreppnum, þar sem þó gjaldið sjálft á eptir ekki er lagt á þessa menn, og það með góðum rökum, heldur á alla þá, er greiða aukaútsvar til sveitar. Það er því rangt, er ýmsir alþingismanna í ræðum sínum og þingið sjálft í álitsskjali sínu gjöra ráð fyrir, að vinnukraptarnir seú lagðir til grundvallar við niðurjöfnunina; því eptir uppástungu þingsins sjálfs verða stundum þeir, sem ekki eru verkfærir, t. a. m. ekkjur og karlmenn, sem komnir eru yfir sextugt, að taka þátt í gjaldi þessu, en aptur á móti geta verkfærir karlmenn sloppið við það, þegar þeir ekki greiða aukaútsvar til sveitar. En miklu þýðingarmeiri er þó sú mótbáran gegn

1861.

15. marz.

ákvörðun þessari, sem einnig kom fram á þinginu, að tala verkfærra karlmanna í einum hrepp enganvegin er áreiðanlegur mælikvarði fyrir efnahag hreppsins, með því í sjávarsveitum, sem að jafnaði eru fátækustu sveitirnar, er mestur fjöldi verkfærra karlmanna, en af þessu leiðir, að álögurnar til vegabóta koma misjafnt niður á hreppana. Það hefði því verið heppilegra, ef alþingi hefði kosið hina aðferðina, sem að ofan er greind og stjórnin hafði bent á, þaræð niðurfjöfnunin á hreppana vissulega með því móti hefði orðið jafnari, er sýslumaður hefði, eins og með þarf, getað tekið til greina efnahag hvers hrepps. Alþingi hefir nú tekið það fram sem ástæðu móti þessari uppástungu, að óráðlegt sé að fá amtmönnum í hendur slíkt vald til að leggja skatta á menn; en þess hefir ekki nægilega verið gætt, að úrskurður amtmanns átti að vera byggður á uppástungum sýslumanna og hreppstjóra, og hefði með því móti að mestu leyti orðið sæð við gjörræði því, er menn óttuðust af amtmanns hálfu. Þingið hefir og sjálft játað, að uppástunga sín gæti leitt til ójafnaðar milli hreppa og sýslna, en á hinn bóginn hélt þingið, að með henni væri unnið það, er meira væri vert, að með hægu móti og umsvifalítið mætti ná því aðalaugnamiði, að fá nægilegt fè til þess að bæta smátt og smátt þjóðvegina og halda þeim við framvegis, án þess nokkur slyppi hjá vegabóttagjaldinu, sem efni hefði til að greiða það.

Eptir því hvernig atkvæðagreiðlan fór á þinginu um þessa uppástungu, þá virtist stjórninni ekki eiga að víkja frá uppástungu alþingis um þetta aðalatriði málsins, og er því 16. grein samin þessu samkvæmt, þó þótti réttast að taka í þessa grein þá ákvörðun, sem þingið stakk upp á að skyldi vera ný grein (18. gr.), að hreppstjórar á ári hverju fyrir sumarmál skuli senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum frá 20 ára að 60, svo að sýslumaður þar eptir geti ákveðið hve mikið hver hreppur í sýslunni eigi að greiða. Því þegar farið er eptir uppástungu alþingis um, hvernig greiða skuli kostnaðinn til þjóðvega, þá er slík ákvörðun öldungis nauðsynleg, en aptur á móti er eðlilegast að hún sé í þessari grein, og að minnsta kosti er það rangt að setja þessa ákvörðun í

1861.
15. marz. nýja grein innanum ákvarðanirnar um aukavegina, eins og alþingi hefir stungið upp á. Að öðru leyti skal þess getið um ákvörðun þessa, að það er ekki öldungis rétt, sem sagt er í uppástungu alþingis, að nafnaskráin sé yfir þá menn, sem eru skyldir að leggja fê til þjóðvegabóta, því hún á, eins og sjá má af ástæðum alþingis fyrir greininni, einmitt að vera listi yfir verkfæra karlmenn frá 20 ára að 60, þaræð upphæð gjaldsins er ákveðin eptir tölu þeirra.

Við 17. gr.

Með því tilskipunin virðist eiga að hafa ákvörðun um, að sýslumenn skuli á ári hverju gjöra reikning um vegabóttagjald það og bætur, er þeir heimta, smbr. 30. gr., þá hefir ákvörðun verið gjörð um þetta efni í 17. grein, en slík ákvörðun var ekki í frumvarpi alþingis.

Við 18. gr.

Í grein þessari er sú aðalregla sett um aðgjörð og viðurhald aukaveganna, að það framvegis skuli vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, og að það, sem vinna þarf í þessum tilgangi, sé skylduvinna, nema svo sé, að hreppsþændur eða meiri hluti þeirra kjósi heldur annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða menn sæu leigðir til þess. Að þessu leytinu hefir alþingi öldungis fallizt á það, sem ákveðið er í 16. gr. í frumvarpi stjórnarinnar, en stungið uppá breytingum, sem nokkru varða, í tveim öðrum atriðum greinar þessarar. Eptir frumvarpinu áttu allir verkfærir karlmenn, sem væru að aldri 18 til 60 ára, að vera skyldir að starfa að vegabótum, og var það þar að auki sett sem föst regla, að þeir skyldu leggja verk til eptir því, sem á þá skiptist; í 17. grein er það og gjört hreppstjórum að skyldu að sjá um, að vinnan komi jafnt niður á þá, sem eru skyldir að leggja verk til. En alþingi hefir nú fyrst og fremst aðeins látið vegabótaskylduna ná til karlmanna frá 20 til 60 ára að aldri, og er það til fært, að

1861.

15. marz.

fæstir seu orðnir fullþroska fyrir innan tvítugt. Það er nú reyndar vafasamt, hvort þetta er rétt álitid, en þó svo væri, þá gæti ástæða þessi ekki ráðið málalyktum, með því vegabóta-skyldan eptir frumvarpinu ekki átti að hvíla á öðrum 18 ára gömlum mönnum, en þeim sem verkfærir eru; en samt sem áður er varla næg ástæða til að fella þessa uppástungu alþingis, þareð ætla má, að eigi að síður verði nógir vinnukraptar til þeirra vegabóta, sem hér er um rætt. Miklu meiru skiptir það þar á móti, að alþingi, án þess tekin sé fram nein ástæða fyrir því, hefir stungið upp á að breyta reglunni þannig, að verkfærir karlmenn í hreppnum frá 20. til 60. árs skuli vera skyldir að leggja til verk eptir því sem á þá skiptist af hreppstjóra, að yfirveguðum efnum og ástandi¹. Verður því eigi neitað, að þetta er veruleg breyting; því sé hreppstjóra gefið vald til að taka til greina annað, en að menn seu verkfærir, þá verður eigi séð við, að gjöræði verði við haft. En aðferð þessi er samkvæm venju þeirri, er tíðkæst hefir að undanförmu, og virðist alþingi vera á því, að yfirhöfuð beri að fylgja sömu reglum og hingað til um aukavegina; því verður heldur eigi neitað, að svo getur staðið á, að það sé sanngjarnt, að nokkuð sé hliðr- að til um verktillag þetta, sem getur orðið þungbært sumum mönnum; svo má og gjöra ráð fyrir, að hreppstjórar bregði ekki út af reglunni nema til þess seu sérstaklegar ástæður. Þess vegna hefir ekki þótt næg ástæða til að fella þessa uppástungu þingsins, sem það hefir fallið á í einu hljóði. Að öðru leyti er greinin eins og 16. grein í frumvarpinu, að lítilli orðabreytingu undanskildri í niðurlagi greinarinnar.

Með því alþingi hêlt, að réttast væri að fela hreppstjórum að hafa eingöngu á hendi alla stjórn, er snertir aukavegi, þá hefir verið sleppt 17. grein frumvarpsins. Þar á móti stakk þingið upp á grein (19. gr. í frumvarpi alþingis), er þannig hljóðar:

1) Danska þýðingin er eigi nákvæm á þessum stað; þar stendur, að þeir menn, sem hér er um rætt, skuli leggja til verk eptir því, sem á þá skiptist af hreppstjóra eptir efnum og ástandi (i Forhold til deres Evner og Formue) og er það enn meiri breyting.

1861.

15. marz.

„Í þeim hreppi er hver maður skyldur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppaskil voru þar haldin”.

Fyrir ákvörðun þessari er tilfærð sú ástæða, að þegar bændur kjósi að láta vinna verkið fyrir vissa borgun, eða leigja menn til þess, þá sé um það gjörð ákvörðun á haustin; og eigi því þeir, sem þá voru í hreppnum, að greiða peningatillag það, er til þess þarf, en með því peningatillag þetta komi í staðinn fyrir skylduvinnuna, þá eigi hún og að hvíla á hinum sömu mönnum. En það er hægt að sjá fyrir, að slík ákvörðun mundi ekki verða hagkvæm; því þegar svo stæði á, sem venjulegt mundi vera, að vegabætur á aukavegum yrðu framkvæmdar með skylduvinnu, yrði hver verkfær karlmaður frá 20 til 60 ára að aldri, er síðan um haustið hefði flutt burt úr hreppnum, ef til vill langar leiðir og jafnvel í annan landsfjórðung, að koma aptur í þann hrepp, þar sem hann áður var, til að vinna verk sitt, ef hann ekki treysti sér til að fá annan verkfæran mann í sinn stað, eptir því sem fyrir er mælt í 24. grein; og þó nú hreppsændur ákvæðu, að leigja skyldi menn til að gjöra vegabæturnar, sem jafnan verður að álíta sem undantekning reglunnar, yrði ákvörðun þessi samt sem áður ýmsum annmörkum bundin, er til framkvæmdanna kæmi, ekki aðeins ef sá, er hlut á að máli, hefði dáið áður en hann hefði goldið tillag sitt, er þá yrði skuld á búi hans, heldur og þegar hann hefði flutt í annan hrepp. Ástæður þær, sem alþingi hefir til greint fyrir uppástungu þessari, virðast og með öllu ónógar; ákvörðun sú, er bændur gjöra á haustum, snertir aðeins það atriði, hvernig menn ætla að uppfylla þá skyldu, er á þeim liggur til vegabóta, en það er í augum uppi, að hún ekki snertir það atriði, á hverjum skylda þessi liggur; og með því nú ákvörðunin er gjörð fyrir hreppinn, en kemur eigi til framkvæmdar fyrri en næsta vor, þá má svo álíta eptir eðli málsins, að allir sem á þeim tíma eru í sveitinni séu skyldir að fara eptir henni. Við umræðurnar um mál efni þetta á þinginu var reyndar tekin fram önnur ástæða, sem þó ekki er tilfærð í athugasemdunum við grein þessa í

álitsskjali þingsins, en það er sú ástæða, að með þessu móti ætti að tálma því, að nokkur ynni að vegabótum á tveim stöðum sama árið, því svo gæti staðið á, að einhver, sem væri búinn að starfa að vegabótum í sínum hrepp, flytti í annan hrepp áður en vegabótum þar væri lokið það ár, og yrði þannig að vinna að vegabótum á ný, og aptur á móti gæti það hugsast, að sá, sem flytti úr einum hrepp í annan, yrði með því laus við öll vegabótastörf. En í þessu efni skal þess getið, að þetta mundi svo afar sjaldan bera við, er vegabótum mundi hvergi lokið fyrir hinn almenna hjúaskildaga 14. maímánaðar, og jafnvel mjög sjaldan fyrir fardaga, að ekki ber fyrir þá skuld að setja lagaákvörðun, sem er óeðlileg í sjálfri sér og gagnstæð því, er tíðkazi hefir að undanfögnu, og þar að auki mundi vera bundin ýmsum annmörkum, er til framkvæmdar kæmi, eins og áður er sagt.

Af þessum ástæðum hefir ekki þótt ráðlegt að setja í tilskipunina grein þessa, er alþingi stakk upp á; ræði og konungsfulltrúi frá því í álitsskjali sínu um málið. En eigi hefir heldur þótt þörf á að setja um þetta neina aðra ákvörðun en þá, sem er í 18. gr., en eptir því, sem þar er fyrir mælt, eiga allir verkfærir karlmenn í hreppnum að leggja til skylduvinnuna til vegabóta, en af því leiðir, að hinir sömu menn eiga að greiða gjald það, sem um er rætt í niðurlagi greinarinnar, þegar svo hefir verið ákveðið, að tillag sé greitt í staðinn fyrir skylduvinnu.

Við 19. gr.

Við þessa grein er aðeins bætt þeirri ákvörðun, eptir uppástungu alþingis, að kostnaður sá, sem þar er um rætt, skuli greiddur úr sveitarsjóðnum, að svo miklu leyti, sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 21. grein, brökkur ekki til þessa kostnaðar. Að öðru leyti er þessi grein eins og 18. grein í frumvarpi stjórnarinnar.

Við 20. gr.

Í frumvarpi stjórnarinnar var breidd aukaveganna látin vera 5 álnir, en alþingi hefir stungið upp á, að hún væri minnkuð

1861. til 3 álna, og er þess getið, að þinginu virtist sú breidd vera
 15. marz. nóg, með því þessir vegir ekki séu nema smávegir, sem einstakir menn og helzt heimamenn fara um; hefir ekki þótt ástæða til að fella þessa uppástungu (smbr. athugasemdirnar við 9. grein hér að framan um þjóðvegina) þó svo, að auka-vegir skuli vera 3 álnir á breidd að minnsta kosti. Einnig er uppástunga alþingis tekin til greina um það, að hreppstjórum, en ekki amtmönnum, eins og ákveðið var í frumvarpinu, skuli falið á hendur að leyfa, að brugðið sé út af þessu, þegar landslagi er svo háttað að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess, smbr. niðurlag 9. greinar.

Við 21. gr.

Þessi grein er eins og 20. grein í frumvarpinu.

Við 22. gr.

Samkvæmt þeirri ákvörðun í frumvarpi alþingis, að hreppstjórar skuli ráða öllu um vegabætur, að því leyti snertir auka-vegina, þá er orðið „hreppstjóri“ í upphafi greinarinnar sett í staðinn fyrir orðið „sýslumaður“. Einnig er orðunum: „en það má þó ekki vera á öðrum tíma en í maí eða júnímánuði . . .“ breytt þannig eptir uppástungu alþingis: „en það má þó ekki vera seinna en í júnímánuði . . .“. Niðurlagsákvörðuninni er og sleppt.

Við 23. gr.

Í grein þessari er gjörð ein lítilfjörleg breyting eptir uppástungu alþingis, en að öðru leyti er hún eins og 22. grein frumvarpsins.

Við 24. gr.

Eptir 23. grein frumvarpsins átti verkið að byrja um 7. stund að morgni og hætta um 7. stund að kveldi. En í stað þessa hefir alþingi þótt réttast, að verkið skyldi byrja á dagmálum og hætta á miðdapti. Alþingi hefir þar að auki stungið upp á, að gjörðar væru ýmsar breytingar á því, sem ákveðið er í þessari grein frumvarpsins um það, ef nokkur bregzt undan

að koma til verka, eður vanrækir verk sitt, og um afleiðingar af slíku, án þess tilgreindar seu ástæður fyrir þessum breytingum í álitsskjali þingsins, en af nefndarálitinu sèst, að þessar ákvarðanir í frumvarpinu hafa þótt of smásmuglegar, og að réttast hefir þótt að fela hreppstjóra að meta verkfall það, er verður. Þessar uppástungur fellst nú stjórnin á, að undanskildri þeirri uppástungu, að í niðurlagi greinarinnar sè ákveðið, að sá, sem kemur of seint til verka, eða fer of snemma í burt, eða yfir höfuð ekki er allan hinn tiltekna tíma við vinnu sína, skuli greiða svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveim tilkvöddum mönnum metur, og, hafi hann engar lögmætar nauðsynjar haft, að auk í sekt 32 skildinga. En það virðist vera í sjálfu sèr eðlilegt og samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 24. gr., að sá, sem sannað getur lögmæta hindrun, eigi að eins sè laus við að greiða sekt, heldur og að bæta fyrir verkfall, og hefir greinin því verið samin á þann veg.

Við 25.—27. gr.

Þessar greinir eru eins og 24., 25. og 26. grein í frumvarpinu.

Við 28. gr.

Þessi grein er eins og 27. grein í frumvarpinu, að undanskildum tveim orðabreytingum.

Vid 29. gr.

Alþingi hefir stungið upp á að sleppa úr grein þessari, sem er eins og 28. grein frumvarpsins, þeirri ákvörðun, er býður amtmönnum að senda á ári hverju dómsmálastjórninni skýrslu um ásigkomulag veganna, með því slíkar skýrslur, að þingsins álit, eru óþarfar, er amtmönnum sè trúandi fyrir að láta sèr annt um ástand og umbætur veganna. En konungsfulltrúi hefir ráðið frá, að minnkað sè eptirlitið með því, að vegabætur seu löglega gjörðar, og einkum að afteknar seu skýrslur þær, er nú voru nefndar; hefir og því síður þótt ástæða til að sleppa skýrslum þessum, sem þær þegar eru

1861.

15. marz.

1861. fyrir skipaðar með konungsbréfi 29. aprílm. 1776, 10. gr.; er
15. marz. því ákvörðunin um þetta efni látin halda sér óbreytt, eins og
hún er í frumvarpinu.

Við 30. gr.

Með því ekki á að greiða kostnað til þjóðveganna úr jafnaðarsjóðum amtanna (smbr. 16. gr.), þá geta bætur þær, sem í þessari grein eru lagðar við skemmdir á þjóðvegum, eigi heldur runnið inn í jafnaðarsjóðina. Alþingi hefir því stungið upp á, að í niðurlagi greinarinnar sé sett „til þjóðvegagjaldsins“ í staðinn fyrir orðin „í jafnaðarsjóð amtsins“, og er sú uppástunga tekin til greina og niðurlag greinarinnar þannig orðað: „Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla til þjóðvegagjaldsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins“¹. Að öðru leyti er grein þessi öldungis eins og 29. grein frumvarpsins.

Við 31. og 32. gr.

Þessar greinir eru óbreyttar eins og í frumvarpinu.

Loksins hefir alþingi beðið um, að lagaboð þetta komi út sem bráðabyrgðarlög, það er að segja, að því yrði lýst yfir, er lagaboðið kæmi út, að það ætti aðeins að gilda fyrst um sinn. Til styrkingar þessari uppástungu, sem konungsfulltrúi hefir mælt fram með, hefir alþingi tilfært, að þó það hafi varið allri þeirri alúð, sem kostur var á, til að leysa mál þetta vel af hendi, verði það þó að viðurkenna, að hinn naumi þingtími og

1) Í hinum danska texta lagaboðsins varð að gjöra meiri breyting frá uppástungu þingsins, einsog hún er þýdd á dönsku í útlegg-ingunni af frumvarpi þess, þeirri er hingað var send. Þar er sett „sjóð þjóðveganna“ (Hovedveienes Kasse) í staðinn fyrir „jafnaðarsjóð amtsins“. En af því enginn þjóðvegasjóður er til, eins og þegar er á vikið í athugasemdunum við 8. grein hér á undan, varð að orða þetta á annan veg, þannig: „De i denne § bestemte Bøder bør, hvor Beskadigelsen er tilføjet en Hovedvei, indbetales til Sysselmanden og anvendes til Hovedvejenes Forbedring, men ellers tilfalde de Reppens Veikasse“.

1861.

15. marz.

hin mörgu og margbrotnu þingstörf, ásamt stjórnartilhögun þeirri, sem nú er á landinu, ekki hafi gefið þinginu færi á að útkljá mál þetta svo í alla staði, að ekki kynni, við breytta stjórnartilhögun í landinu og það, er mæta kann í framkvæmdum þessa máls, að leiðast í ljós með tímanum ýmsir gallar, sem kynnu að gefa ástæðu til að breyta lagaboðinu.

En bæði er það, að það sem alþingi á við, að ef til vill verði sett ný sveitastjórn á Íslandi, sem vegabótamál þá yrðu lögd undir, ekki virðist geta verið ástæða fyrir þessari uppástungu alþingis, enda virðist það eigi heldur vera til nokkurs gagns að láta tilskipunina koma út með þeirri athugasemd, að hún aðeins ætti að hafa lagagildi fyrst um sinn, með því það er vitaskuld, að ef sú verður raun á, að gallar seu á lagaboðinu, eður það sé miður hagfelt, má breyta því hvenær sem vera skal, eins og hverju öðru lagaboði, á venjulegan hátt. Þareð slík yfirlýsing þar að auki hæglega gæti rýrt álit lagaþóðsins, og ef til vill einnig alþingis sjálfs, og því á hinn bóginn ekki verður neitað, að lagaboðið er vandlega samið og hefir verið gaumgæfilega rætt á síðasta alþingi, þá hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á þessa uppástungu alþingis.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, 21. marz. amtmananna, og stiptyfirvaldanna á Íslandi, um anglýsing á reikningum opinberra sjóða og stofnana.

Útaf bænaraskrá, er kom frá síðasta alþingi, um að auglýstir verði á prenti reikningar opinberra sjóða og stofnana m. m., hefir dómsmálastjórnin lagt þegulega skýrslu um málið fyrir hans hátign konunginn, og hefir hans hátign 2. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða á þessa leið:

1. að dómsmálastjórnin bjóði þeim embættismönnum á Íslandi, sem falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikninga um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana, svo fljótt sem verða má eptir að